

Reykjavík 5/2 2016

Umsögn frá: MND félagi Íslands
Þingskjal 31 — 31. mál.

Tillaga til þingsályktunar
um sólarhringsmeðferð í öndunarvél á heimili sjúklinga.

MND félagið fagnar þessari þingsályktunartillögu.

Það sem vert er að taka fram er að þegar talað er um sérhæft starfsfólk til að annast um viðkomandi einstakling heima og í hvíldarplássi þá eru það sérþjálfaðir einstaklingar sem annast þann einstakling og eru í vinnu við að annast viðkomandi. Hvort sem er heima eða að heiman. Heima, á ferðalagi eða í hvíldarinnlögn.

Þau okkar sem velja öndunarvél, sem eru örfá, þurfum ekki að vera inná spítala eða stofnun nema til að þjálfa fyrsta hóp starfsmanna einstaklingsins. Síðan þurfum við aðgang að MND teymi LSH eins og aðrir sem eru með þennan fjanda sem heitir MND.

Með von um að þetta fari fljótt og vel í gegnum þingið og komist til ráðherra sem mun leysa þetta í eitt skipti fyrir öll. Okkur liggur lífið á í bókstaflegri merkingu.

Virðingarfyllt
Guðjón Sigurðsson
Formaður MND félagsins